



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**AFREKSMERKI HINS ÍSLENSKA LÝÐVELDIS
VEITT VEGNA BJÖRGUNARSTARFA**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhenti í dag, 18. desember 2001 afreksmerki hins íslenska lýðveldis við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Afreksmerkið úr gulli var afhent í fyrsta sinn í sögu afreksmerkisins og hlaut það Jay D. Lane Jr. sigmaður í björgunarsveit Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli vegna frækilegrar björgunar skipverja á Svanborgu SH 404 frá Ólafsvík sem fórst 7. desember 2001 út af Svörtuloftum á Snæfellsnesi. Aðrir í áhöfn björgunarþyrlunnar hlutu afreksmerkið úr silfri en þeir eru:

Javier Casanova flugstjóri
Michel H. Garner aðstoðarflugmaður
Darren E. Bradley flugvélstjóri
Jeremy W. Miller skytta
Scott J. Bilyeu björgunarliðsmaður

Forseti Íslands minntist einnig við þetta tækifæri skipverjanna á Svanborgu SH 404, Sæbjörns Vignis Ásgeirssonar skipstjóra, Ólafsvík, Vigfús Elvans Friðrikssonar stýrimanns, Ólafsvík, og Héðins Magnússonar vélstjóra, Ólafsvík.

Afreksmerki hins íslenska lýðveldis var stofnað 1950 og var það síðast veitt 1997 og þar áður 1987. Það er veitt vegna björgunar úr lífsháska.

18. desember 2001

ENDURRIT

úr gjörðabók afreksmerkisnefndar skv. forsetabréfi nr 85. frá 9. október 1950.

Ár 2001, fimmtudaginn 13. desember, kom nefnd um veitingu afreksmerkis hins íslenska lýðveldis saman í skrifstofu forseta Íslands við Sóleyjargötu.

Nefndina skipa nú:

Haraldur Henrysson, formaður

Ásgeir Pétursson, formaður orðunefndar

Jón Gunnarsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, en það félag varð til við sameiningu Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar, landsambands björgunarsveita.

Fundarefnið var að ræða um það björgunarafrek, er áhöfn þyrlu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli bjargaði Eyþóri Garðarssyni skipverja á vb. Svanborgu SH-404 út af Svörtuloftum á Snæfellsnesi 7. desember síðastliðinn. Fyrir nefndinni lágu skýrslur frá björgunarsveit varnarliðsins um björgunina, svo og frá framkvæmdastjóra Slysavarnafélagsins Landsbjargar og yfirmanni björgunarsviðs félagsins ásamt fylgigögnum.

Eftir vandlega könnun heimilda og ítarlegar umræður nefndarmanna leggja þeir fram svofellda tillögu til forseta Íslands.

Nefndin er sammála því mati, sem fram hefur komið af hálfu Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Segir þar „að þyrla varnarliðsins og áhöfn hennar framkvæmdi ótrúlegt björgunarafrek við mjög erfiðar aðstæður. Sú staðreynd að áhöfn þyrlunnar sendi sigmann sinn niður til björgunar, þrátt fyrir slæmt veður og að skipið kastaðist til í öldugangi er að mati okkar björgunarafrek, sem vert er að hljóti sérstaka viðurkenningu“.

Þá er að fengnum upplýsingum ljóst að áhöfn þyrlunnar setti sig í beinan lífsháska, er hún flaug vélinni að skipinu, sem var í brimlöðri komið upp undir hamrabergið þar á ströndinni. Sigmaðurinn hefur verið í stórfelldum lífsháska er hann braust til skipverjans, sem hafði skorðað sig á þaki stýrishúss bátsins. Það jók á lífshættu sigmannsins er siglína hans flæktist í þilfarsbúnaði og jók í senn áhættu mannsins og áhafnar þyrlunnar. Úr þessum vanda var leyst við ótrúlegar aðstæður og tókst að koma líflínu á skipverjann og koma honum upp á bergið.

Að öllu þessu athuguðu er ljóst að skilyrði forsetabréfs nr. 85/1950 til veitingar afreksmerkis er ótvírætt fyrir hendi. Nefndin leggur því til að öll áhöfn þyrlunnar hljóti afreksmerki hins íslenska lýðveldis fyrir björgunarafrek það, sem lýst er hér að framan. Telur nefndin að eðlilegt sé að sigmaðurinn hljóti gullmerki afreksmerkisins, en aðrir áhafnarmeðlimir fái merkið í silfri.

Áhöfn þyrlunnar umrætt sinn skipuðu þessir menn: Maj. Javier Casanova, 1Lt. Michael Garner, TSgt. Darren Bradley, SSgt Jeremy Miller, SSgt Jay Lane (sigmaður) og SSgt Scott Bilyeu.